

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 39

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

10. árgangur

31.7.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2003/EES/39/01		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2003/EES/39/02		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	2
2003/EES/39/03		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	4
2003/EES/39/04		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	5
2003/EES/39/05		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	7
2003/EES/39/06		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	9
2003/EES/39/07		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	10
2003/EES/39/08		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn	11
2003/EES/39/09		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	12
2003/EES/39/10		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn	14
2003/EES/39/11		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	15
2003/EES/39/12		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	16

2003/EES/39/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	17
2003/EES/39/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	18
2003/EES/39/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	19
2003/EES/39/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn	20
2003/EES/39/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	21
2003/EES/39/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	22
2003/EES/39/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	23
2003/EES/39/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	26
2003/EES/39/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	27
2003/EES/39/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	28
2003/EES/39/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	29
2003/EES/39/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	30
2003/EES/39/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.	31
2003/EES/39/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins	32

3. **Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

4. **Ráðgjafarnefnd EES**

II **EFTA-STOFNANIR**

1. **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

2. **Eftirlitsstofnun EFTA**

3. **EFTA-dómstóllinn**

III **EB-STOFNANIR**

1. **Ráðið**

2. **Framkvæmdastjórnin**

3. **Dómstóllinn**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2003

2003/EES/39/01

frá 16. maí 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB frá 26. júlí 2002 um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fòðri ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1252/2002) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zc **32002 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB frá 26. júlí 2002 um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fòðri (Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 15).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/70/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2003

2003/EES/39/02

frá 16. maí 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjajurta í landbúnaði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafræs ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/68/EB frá 19. júlí 2002 um breytingu á tilskipun 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/756/EB frá 16. september 2002 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

- 8) Með tilskipun 2002/53/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 70/457/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽⁸⁾.
- 9) Með tilskipun 2002/54/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 66/400/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽⁹⁾.
- 10) Með tilskipun 2002/55/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 70/458/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽¹⁰⁾.
- 11) Með tilskipun 2002/57/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 69/208/EBE sem er hluti af samningnum og ber því að fella úr honum ⁽¹¹⁾.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirtaldir liðir bætist við á eftir 9. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE) í 1. hluta:

„10. **32002 L 0053:** Tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjajurta í landbúnaði (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

11. **32002 L 0054:** Tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 33.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2290.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

12. **32002 L 0055:** Tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafræs (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.

13. **32002 L 0057:** Tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74), eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0068:** Tilskipun ráðsins 2002/68/EB frá 19. júlí 2002 (Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.“

2. Textinn í 1. lið (tilskipun ráðsins 66/400/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 69/208/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 70/457/EBE) og 6. lið (tilskipun ráðsins 70/458/EBE) í 1. hluta falli brott.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB) í 2. hluta:

- „21. **32002 D 0756:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/756/EB frá 16. september 2002 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB (Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 33).

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir til annarra gerða í tilskipuninni eiga við ef þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og þá í þeirri mynd sem þær eru þar.“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/53/EB, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/57/EB og 2002/68/EB og ákvörðunar 2002/756/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2003

2003/EES/39/03

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/41/EB frá 17. maí 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvælarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/78/EB frá 1. október 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB frá 3. október 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE):

„- **32002 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB frá 3. október 2002 (Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 71/320/EBE):

„- **32002 L 0078**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/78/EB frá 1. október 2002 (Stjtið. EB L 267, 4.10.2002, bls. 23).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 45s (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0041**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/41/EB frá 17. maí 2002 (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 17).“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/41/EB, 2002/78/EB og 2002/80/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 267, 4.10.2002, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2003

2003/EES/39/04

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 6/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 26. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínunum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/678/EB frá 22. ágúst 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/79/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/679/EB frá 22. ágúst 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/80/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á gráfíkjum, heslihnetum og pistasúhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/76/EB frá 6. september 2002 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarks magn varnarefnaleifa (metsúlfúronmetýl) í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0076**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/76/EB frá 6. september 2002 (Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 45).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zv (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB):

„- **32002 D 0678**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/678/EB frá 22. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 33).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB):

„- **32002 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/679/EB frá 22. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 37).“

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB):

„54zzc. **32002 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 26. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínunum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum (Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 40.“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/69/EB og 2002/76/EB og ákvarðana 2002/678/EB og 2002/679/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 37.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2003

2003/EES/39/05

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 162/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 868/2002 frá 24. maí 2002 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 869/2002 frá 24. maí 2002 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 frá 27. ágúst 2002 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1752/2002 frá 1. október 2002 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32002 R 0868**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 868/2002 frá 24. maí 2002 (Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 6),
- **32002 R 0869**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 869/2002 frá 24. maí 2002 (Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 10),
- **32002 R 1530**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 frá 27. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3),
- **32002 R 1752**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1752/2002 frá 1. október 2002 (Stjtið. EB L 264, 2.10.2002, bls. 18).“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 868/2002, 869/2002, 1530/2002 og 1752/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 264, 2.10.2002, bls. 18.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2003

2003/EES/39/06

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2001 frá 13. júlí 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2091/2002 frá 26. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2870/2000 um tilvísunaraðferðir bandalagsins fyrir greiningu brenndra drykkja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 8. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000) í XXVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 R 2091**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2091/2002 frá 26. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 322, 27.11.2002, bls. 11).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 2091/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 322, 27.11.2002, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2003

2003/EES/39/07

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/1999 frá 24. september 1999 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/75/EB frá 2. september 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32002 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/75/EB frá 2. september 2002 (Stjtið. EB L 254, 23.9.2002, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32002 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/75/EB frá 2. september 2002 (Stjtið. EB L 254, 23.9.2002, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/75/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 398.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 254, 23.9.2002, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2003

2003/EES/39/08

frá 16. maí 2003

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Vegna breytinga sem hafa orðið ýmist á verksviði eða heitum ráðuneytanna sem bera ábyrgð á þessum málaflokki sem og vegna nýlegra lagabreytinga í Noregi á sviði almannatrygginga og heilsugæslu er nauðsynlegt að breyta nokkrum aðlögunarliðum sem varða reglugerð (EBE) nr. 574/72 með áorðnum breytingum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

2. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32002 R 0410**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).“

2. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið a) kemur eftirfarandi:

„1. Sosialdepartementet (félagsmálaráðuneytið), Ósló.

2. Helsedepartementet (heilbrigðisráðuneytið), Ósló.

3. Arbeids- og administrasjonsdepartementet (atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytið), Ósló.

4. Barne- og familiedepartementet (barna- og fjölskylduráðuneytið), Ósló.

5. Justisdepartementet (dómsmálaráðuneytið), Ósló.

6. Utenriksdepartementet (utanríkisráðuneytið), Ósló.“

3. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið 1) kemur eftirfarandi:

„Þegar meðaltalskostnaður á ári vegna aðstoðar er reiknaður skal taka tillit til bóta sem veittar eru samkvæmt 5. kafla almannatryggingalaganna (lög frá 28. febrúar 1997), lögum frá 19. nóvember 1982 um heilsugæslu á vegum sveitarfélaga og lögum frá 2. júlí 1999 um sérhæfða heilsugæslu o.s.frv.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 410/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2003

2003/EES/39/09

frá 16. maí 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2001 frá 18. janúar 2002 ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við á eftir lið 30c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB):

**„IV. Ákvæði sem varða allar tegundir
fjármálaþjónustu**

- 30d. **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

- b) Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (tilskipun ráðsins 90/619/EBE) 11. liðar (fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

- b) Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB):

„- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/65/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2003

2003/EES/39/10

frá 16. maí 2003

um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XII. viðauka við samninginn hefur ekki verið breytt áður.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB frá 29. júní 2000 um átak gegn síðbúnum greiðslum í viðskiptum ⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 88/361/EBE) í XII. viðauka við samninginn:

- „2. **32000 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB frá 29. júní 2002 um átak gegn síðbúnum greiðslum í viðskiptum (Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi liður bætist við í 6. gr.:

„6. EFTA-ríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar fyrir 31. desember 2003.““

2. gr.

Texti tilskipunar 2000/35/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2003

2003/EES/39/11

frá 16. maí 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/85/EB frá 5. nóvember 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/6/EBE um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan bandalagsins ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 17b (tilskipun ráðsins 92/6/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

,, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0085**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/85/EB frá 5. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 327, 4.12.2002, bls. 8).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/85/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 327, 4.12.2002, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2003****2003/EES/39/12****frá 16. maí 2003****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24c (tilskipun ráðsins 1999/37/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„24d. **32002 L 0015**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjtið. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/15/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

